

Fannborg ehf
Bollagörðum 6
170 SELTJARNARNESI

Reykjavík, 18. ágúst 2016
Tilvísun: OS2016070005/21.11.0
Verknúmer: 3330300

Efni: Leyfi vegna efnistöku [í Ásgarðsá] í tengslum við framkvæmdir í Ásgarði í Kerlingarfjöllum

Orkustofnun hefur móttengið þann 6. júlí sl. umsókn Fannborgar ehf. dags. sama dag, þar sem óskað er samþykkis stofnunarinnar vegna efnistöku í tenglum við framkvæmdir í Ásgarði í Kerlingarfjöllum.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, [auðlindalaga], er nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögnum Samkvæmt 8. gr. laganna er þó heimilt, án leyfis Orkustofnunar, að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, mól, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand.

Umrætt landsvæði sem efnistakan tekur til er þjóðlenda í eigu ríkisins. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga um þjóðlendur o.fl. nr. 58/1997, þarf leyfi ráðherra til að nýta m.a. vatns- og jarðhitaréttindi og jarðefni innan þjóðlendu, nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Samkvæmt 7. gr. vatnalaga nr. 15/1923 er óheimilt, nema sérstök heimild eða lagaleyfi sé til þess að breyta vatnsbotni, straumstefnu, vatnsmagni eða vatnsflæði, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð.

Orkustofnun fer með stjórnábyrgð og eftirlit samkvæmt vatnalögum, sbr. 143. gr. laganna. Skyld er að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir sem er fyrirhugað að ráðast í og tengjast vatni og vatnafari, þar á meðal framkvæmdir sem ekki eru sérstaklega leyfisskyldar samkvæmt vatnalögum eða öðrum lögum, sbr. 2. mgr. 144. gr.

Umrædd efnistaka felur, að mati Orkustofnunar í sér breytingu á vatnsfarvegi Ásgarðsár, og minni lækjum á svæðinu, en heimilt er fasteignareiganda að fengnu leyfi Orkustofnunar að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynleg eru í því skyni að verja land eða landsnyttjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns. Heimilt er að binda leyfið skilyrðum sem þykja nauðsynleg vegna almannahagsmuna.

Niðurstaða

Orkustofnun hefur kynnt sér erindi Fannborgar. Það er mat stofnunarinnar, í ljósi ofanritaðs, að leyfi fyrir umræddri efnistöku, jarðraski, heyri undir forsætisráðuneytið, með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um þjóðlendur o.fl. og að hin fyrirhugaða efnistaka úr Ásgarðsá hafi með erindinu verið tilkynnt Orkustofnun með lögformlegum hætti, sbr. 2. mgr. 144. gr. vatnalaga.

Það er mat Orkustofnunar að umrædd efnistakan sé ekki þess eðlis að nauðsyn beri til að setja henni skilyrði vegna almannahagsmuna, en bendir á að efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðuvatna er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði skipulagslaga, sbr. 8. gr. a auðlindalaga nr. 57/1998.

Það er því niðurstaða Orkustofnunar að umrædd framkvæmd hafi verið tilkynnt stofnuninni með lögformlegum hætti. Orkustofnun samþykkir, að sínu leyti og með vísan til 144. gr. vatnalaga, umrædda efnistöku eins og henni er lýst í fylgibréfi með umsókninni, *Hálendismiðstöðin Kerlingarfjöllum*,

SKP.

Efnistaka.

Þetta tilkynnist hér með.

Gjald fyrir leyfi þetta er kr. 82.603 sbr. gjaldskrá Orkustofnunar nr. 868 frá 13. september 2013 vegna útgáfu og eftirlits samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923, sbr. 146 gr. vatnalaga.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem eru teknar á grundvelli vatnalaga þessara sæta kæru til iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sbr. 3. mgr. 143 gr. vatnalaga. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Afgreiðsla máls þessa hefur dregist hjá Orkustofnun, vegna sumarleyfa. Er beðist velvirðingar á þeim drætti.

Virðingarfyllt
f. h. orkumálastjóra



Skúli Thoroddsen



Rákel Jensdóttir